

Sp.

9. Tillaga til þingsályktunar

um skipulagða markaðsleit fyrir hraðfrystan fisk í Bandaríkjunum.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hefja nú þegar, með samstarfi við eigendur hraðfrystihúsanna í landinu, gagngerðar og skipulagsbundnar tilraunir til að selja hraðfrystan fisk í Bandaríkjunum.

Greinargerð.

Fyrir einu ári flutti ég tillögu þá, sem nú liggur fyrir, og var hún þá þriðja þingmálið. Málið fór til nefndar og beið þar í níu mánuði eftir þingslitum. Framan af þingtímanum trúðu margir þingmenn á, að öruggur og góður markaður biði íslenskra framleiðenda í Austurlöndum. Var ábyrgð sú á bátafiskinum, sem virðist líkleg til að baka ríkissjóði 50 milljóna útgjöld í ár, tekin í þeirri trú, að Rússar mundu kaupa nálega alla framleiðsluna háu verði. Þetta urðu vonbrigði þeim mönnum, sem verið höfðu bjartsýnastir. Eftir fjögurra mánaða bið í Moskvu, tókst að koma út nokkru af hraðfrysta fiskinum, með því eina móti að láta fylgja fiskinum enn meira magn af lýsi, sem þó varð að fella stórlega í verði til að losna við fiskinn. Er slík verzlun hin hörmulegasta og ekki til frambúðar, eftir að fram úr ræknar með feitmeti á heimsmarkaðinum. Verzlunarmátinn auk þess sá, að Rússar hækkuðu timbrið til Íslands um nálega helming frá í fyrra.

Nú er svo komið, að Íslendingar verða að fá frá Bandaríkjunum svo að segja alla kornvöru, olíu, verkvélar, fataefni og mestallar byggingarvörur, ef frá er talið óunnið timbur. Svo mjög eru Bandaríkin orðin birgðaskemma Norðurálfunnar, að þangað verður að sækja kol og flest, sem heyrir til daglegra þarfa, en engin þjóð mun í þessum efnum meira háð innflutningi vestan um haf en Íslendingar. En þessi verzlun er í raun og veru að stöðvast af gjaldeyrisskorti, af því að við höfum vanrækt að hefja skynsamlegan útflutning til Bandaríkjanna.

Íslendingar eiga nú og á næstu árum um tvo frjálsa solumöguleika að ræða: Ísvarinn fisk, aðallega úr togurum, til Bretlands og hraðfrystan fisk í Bandaríkjunum. Til lengdar mun markaðurinn í Bretlandi varla öruggur, þar sem neyðarástand ríkir í landinu og stjórnarvöldin ætla á fáum árum að efla veiðiskipafloata sinn svo, að Bretar þurfi litt að sækja til annarra í þeim efnum. Þar sem Bretar eru miklir skipasmiðir og sjómenn með afburðum, er lítil vafi á, að þeim muni takast að framkvæma þessi áform. Bandaríkin eru eina stórþjóð í heiminum, sem hefur fullkomna kælitækni: Stór geymsluhús í borgunum, járnbrautarvagna, bíla, búðir og heimilageymslur, allt búið fullkomnum frystitækjum. Í Rússlandi, Póllandi, Balkanlöndum, Tékkóslóvakíu, Þýzkalandi og Frakklandi skortir hvarvetna kælitækni til að geta notfært sér hraðfrysta fiskinn á skynsamlegan hátt. Auk þess eru flest þessi lönd eyðilögð af hörmungum styrjaldarinnar og fjárhagur þeirra og viðskiptalíf allt í rústum. Þeir, sem verzla við þessi lönd, verða jafnaðarlega að lána sína framleiðslu og fá að lokum uppsprengdar vörur sem greiðslu. Þekkir íslenska verzlunarstéttin nú þegar þessi ókjaraviðskipti og á ekki að una þeim lengur. Í þessum efnum eru Bandaríkin eina úrræðið. Í miðríkjunum er óhemju markaður fyrir hinn góða hraðfrysta fisk, og sá markaður getur verið öruggur, ef varan er vönduð. Á þessum markaði verður að keppa við Kanadamenn og Norðmenn. En sú keppni á ekki að vera hættuleg. Þessar þjóðir eru á háu menningarstigi, og almenningur í þessum löndum hefur eins góð lífskjör og frekast má búast við, að nútímaþjóðir búi við. Hér við land eru góð fiskimið, ágætur fiskur, vaskir sjómenn, mörg og góð hraðfrystihús og allmikil verktækni við þessa framleiðslu. Okkur vantar frjálsan, stóran markað, og hann er til í Bandaríkjunum. Við þurf-

um að koma á fót fullkomnu sölu- og dreifingarkerfi í Vesturheimi. Til þess þarf í fyrstu nokkurt fé úr ríkissjóði og aðstoð stjórnarvalda og sölufyrirtækja, sem ná til fólks um öll Bandaríkin. Allt hefur þetta verið vanrækt undanfarin ár, meðan tálvonir um markað í hungurlöndunum villtu sýn framleiðendum, þingi og stjórn. Nú ætti sú hula að vera fallin frá sjónum manna. Veruleikinn er sá, að íslenska þjóðin verður um óákveðinn tíma að sækja til Ameríku flestar sínar nauðsynjar, ætar og óætar. Hins vegar höfum við nálega ekkert til að borga með vestan hafs. Verzlun landsins bæði hjá kaupfélögum og kaupmönnum er að falla í dá eða verða vanskapningur, með þeim hætti að verzlunir landsins verða að flytja til landsins rándýrar og oft lítt þarfar vörur, til að landsmenn fái eitthvað fyrir fiskinn og lýsið, sem húið er að afhenda einhverri stríðsþjóð með neyðarsölu.

Það mál, sem hér er borið fram, er undirstaða íslenzkrar viðreisnar. Þjóðin hefur lagt fram stórkostlega mikla fjármuni til að geta framleitt góðan hraðfrystan fisk. Stór og öruggur markaður er hvergi nema í Bandaríkjunum. Þar vantar Íslendinga gjaldeyri, svo að til vandræða horfir. Þar má selja allan okkar hraðfrysta fisk. En til þess þarf átak, marga sölumenn og auglýsingastarfsemi. Norðmenn og Kanadamenn lifa góðu lífi á þeim tekjum, sem þeir fá fyrir sinn fisk í Bandaríkjunum. Við höfum enga skynsamlega ástæðu til að halda, að okkar bíði útvalinn markaður ofan við heimsmarkaðinn. Við eigum að geta setið við sama borð í þeim efnum og þær úrvalsþjóðir, sem þar þarf að keppa við.

Með því eina móti að ganga hiklaust inn á þá braut að skapa Íslendingum varanlegan markað í Bandaríkjunum er hægt að bæta úr gjaldeyrishörmungunum, gera íslenska verzlun frjálsa og bægja vöruskorti frá íslenskum heimilum. Það er æskilegt, að þeir þingmenn, sem skildu ekki mikilvægi þessa máls í fyrra og hindruðu framgang þess á því þingi, taki það nú til nýrrar og betri athugunar, því að nú er svo komið, að þörf almennings krefst þeirrar úrlausnar, sem hér er mælt með.